

Nr.: STS-027	Tækniskólinn	Tækniskólinn skóli atvinnulífsins 
Útgáfa: 5.0		
Dags: 07.06.2021		
Eig: Rekstrar- og fjármálastjóri	Jafnlaunastefna og markmið	
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 1		

Jafnlaunastefna Tækniskólans nær til allra starfsmanna skólans . Skólameistari ber ábyrgð á jafnlaunastefnunni.

Tækniskólinn gætir fyllsta jafnréttis við ákvörðun launa og annarra starfskjara. Allir starfsmenn fá greidd jöfn laun og njóta sömu starfskjara fyrir jafnverðmæt störf. Það er stefna Tækniskólans að laun og önnur kjör séu samkeppnishæf við sambærileg störf á markaði.

Tækniskólinn skuldbindur sig til þess að innleiða, skjalfesta og viðhalda Jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur ÍST 85:2012 staðalsins. Skólinn hefur innleitt verklag og skilgreint launaviðmið til að tryggja að starfsfólk fái greitt fyrir störf sín út frá verðmæti starfa óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum sjónarmiðum.

Skólameistari ber ábyrgð á Jafnlaunakerfi Tækniskólans og að það standist lög og alþjóðlegar skuldbindingar varðandi jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Rekstrar- og fjármálastjóri er fulltrúi skólameistara varðandi jafnlaunakerfið og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi þess í samræmi við ÍST 85:2012 staðalinn. Einnig er rekstrar-og fjármálastjóri ábyrgur fyrir að stjórnendur sem koma að launaákvörðunum í Tækniskólanum séu vel upplýstir um jafnlaunakerfið, verklagsreglur því tengdu sem og lögum og reglum sem gilda í jafnlaunamálum.

Til þess að framfylgja jafnlaunastefnunni skuldbindur Tækniskólinn sig til að:

Innleiða, skjalfesta og viðhalda Jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012 og öðlast vottun í samræmi við lög nr. 150/2020 um jafnlaunavottun

Vinna að stöðugum umbótum, eftirliti og viðbrögðum í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012

Fylgja öllum viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem gilda á hverjum tíma og staðfesta hlítungu við lög árlega

Framkvæma innri úttektir og rýni stjórnenda árlega

Framkvæma launagreiningu að minnsta kosti á tveggja ára fresti þar sem jafnverðmæt störf eru borin saman til að tryggja að kynbundinn launamunur sé ekki til staðar. Helstu niðurstöður skulu kynntar fyrir starfsfólki

Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugu eftirliti og umbótum samkvæmt verklagsreglu VKL-435 starfaflokkun og jafnlaunaviðmið

Kynna árlega jafnlaunastefnu fyrir starfsfólki og hafa hana aðgengilega á vefsíðu skólans